

**Heilbrigðiseftirlit
Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis**

Ársreikningur
2020

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

kt. 590184-0209

Efnisyfirlit

	bls.
Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er rekið af Garðabæ, Hafnarfjarðarbæ og Kópavogsbæ, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samkvæmt rekstrarreikningi er rekstrarniðurstaða eftirlitsins á árinu neikvæð sem nemur 55,1 millj. kr., en því er mætt með framlögum frá aðildarsveitarfélögunum, þannig að niðurstaða rekstrarreiknings ársins er 0 kr. og þar með er eigið fé eftirlitsins 0 kr. Heildareignir nema 20,2 millj. kr. í árslok og skuldir og skuldbindingar nema 20,2 millj. kr. en þar af nema fyrirframinnheimtar tekjur 7,5 millj. kr.

Stjórn og framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis staðfesta hér með ársreikning eftirlitsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Garðabæ, 29. mars 2021.

Í stjórn:

Linda Hórnafonstad
Haukubæ.
Gisibryr Hauksdóttir
Sigrún M. Guðmundsdóttir
Ólafur Guðmundsson
Ólafur Guðmundsson
Ólafur Guðmundsson

Framkvæmdastjóri:

Ólafur Guðmundsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2 mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 29. mars 2021.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	Hunda- eftirlit	Heilbrigðis- eftirlit	Samtals	Fjárhags- áætlun
Rekstrartekjur					
Eftirlitsgjöld		20.342.061	93.697.734	114.039.795	121.200.000
Leyfisgjöld		2.575.677	8.998.850	11.574.527	8.500.000
Aðrar tekjur		39.000	7.196.850	7.235.850	6.500.000
		<u>22.956.738</u>	<u>109.893.434</u>	<u>132.850.172</u>	<u>136.200.000</u>
Rekstrargjöld					
Heilbrigðisnefnd	4	268.497	3.393.879	3.662.376	4.800.000
Laun og starfsmannakostnaður	4	13.619.835	125.077.117	138.696.952	141.500.000
Húsnæðiskostnaður		528.253	6.515.122	7.043.375	8.400.000
Skrifstofukostnaður		1.240.503	1.668.732	2.909.235	3.000.000
Tölvukostnaður		1.445.348	12.010.194	13.455.542	11.000.000
Akstur		235.250	3.365.175	3.600.425	4.000.000
Funda- og fræðslukostnaður		10.000	109.823	119.823	1.200.000
Aðkeypt þjónusta		0	12.786.473	12.786.473	14.500.000
Annar rekstrarkostnaður		5.596.043	161.013	5.757.056	8.000.000
		<u>22.943.729</u>	<u>165.087.528</u>	<u>188.031.257</u>	<u>196.400.000</u>
Rekstrarafkoma án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		<u>13.009</u>	<u>(55.194.094)</u>	<u>(55.181.085)</u>	<u>(60.200.000)</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)					
Fjármagnsliðir				89.429	0
Fjármagnstekjuskattur				(28.867)	0
				<u>60.562</u>	<u>0</u>
Rekstrarniðurstaða ársins				<u>(55.120.523)</u>	<u>(60.200.000)</u>
Fjármögnun					
Framlög aðildarsveitarfélaga				<u>55.120.523</u>	<u>60.200.000</u>
Niðurstaða ársins				<u>0</u>	<u>0</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	2020	2019
Veltufjármunir:			
Handbært fé		13.152.782	10.041.164
Viðskiptakröfur		3.067.856	7.951.496
Aðrar skammtímakröfur.....		1.410.531	0
Aðildarsveitarfélög	5	2.538.138	6.068.060
Eignir samtals		<u>20.169.307</u>	<u>24.060.720</u>
 Eigið fé:			
Eiginfjárreikningur	6	<u>0</u>	<u>0</u>
 Skuldbindingar:			
Lífeyrissjóðsskuldbinding	7	<u>4.972.578</u>	<u>4.561.998</u>
 Skammtímaskuldir:			
Fyrirframinnheimtar tekjur v/heilbrigðiseftirlits		7.500.000	6.000.000
Næsta árs afborgun vegna samkomulags við Brú, lífeyrissjóð.....		0	282.413
Viðskiptaskuldir og ógreiddur kostnaður		<u>7.696.729</u>	<u>13.216.309</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>15.196.729</u>	<u>19.498.722</u>
 Eigið fé, skuldir og skuldbindingar samtals		<u>20.169.307</u>	<u>24.060.720</u>

Ársreikningur 2020

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis var stofnað af sveitarfélaginu Álftanesi, Garðabæ, Hafnarfjarðarbæ og Kópavogsbæ þann 22. febrúar 1999 á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Heilbrigðiseftirlitið tók yfir eldri heilbrigðiseftirlit fyrrgreindra sveitarfélaga.

2. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innhald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í öllum megin atriðum gerð eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 er birt í ársreikningnum til samanburðar.

Sundurliðanir

4. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2020	2019
Laun starfsmanna	108.279.120	93.668.692
Laun heilbrigðisnefndar	3.662.376	3.849.773
Mótframlag í lífeyrissjóð	16.200.520	14.959.518
Önnur launatengd gjöld	14.217.312	11.798.450
	<u>142.359.328</u>	<u>124.276.433</u>
Laun og launatengd gjöld greinast þannig í rekstrarreikningi:		
Heilbrigðisnefnd	3.662.376	3.849.773
Laun og starfsmannakostnaður	<u>138.696.952</u>	<u>120.426.660</u>
	<u>142.359.328</u>	<u>124.276.433</u>

Í ársbyrjun voru 10 stöðugildi hjá félaginu en í árslok voru þau orðin 11. Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu 20,5 millj. kr. á árinu.

5. Framlög aðildarsveitarfélaga greinast þannig:

	Íbúaföldi	Hlutfall	Framlag	Áætlun
Garðabær	16.924	19,9%	10.993.704	11.811.296
Hafnarfjarðarbær	29.971	35,3%	19.468.937	21.594.258
Kópavogsbær	37.959	44,7%	24.657.882	26.794.446
	<u>84.854</u>	<u>99,9%</u>	<u>55.120.523</u>	<u>60.200.000</u>

Eigið fé

6. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	2020
Eigið fé 1.1.2020	0
Rekstrarniðurstaða ársins	(55.120.524)
Framlag Garðabæjar	10.993.704
Framlag Hafnarfjarðarbæjar	19.468.937
Framlag Kópavogsbæjar	24.657.882
Eigið fé 31.12.2020	<u>0</u>

7. Skuldbindingar

Á heilbrigðiseftirlitinu hvílir skuldbinding hjá Eftirlaunasjóði starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar vegna tveggja starfsmanna eftirlitsins og er áætlað að skuldbinding þessi nemi 4,9 millj. kr. í árslok. Breyting á skuldbindingunni sundurliðast þannig á árinu:

Flutt frá fyrra ári	4.561.998
Gjaldfærð hækkun á árinu	<u>410.580</u>
Staða 31.12.2020	<u>4.972.578</u>